



Ársreikningur Bygðastofnunar 2025

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2025, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 26. febrúar 2026.

Ársreikningur Bygðastofnunar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS").

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðunum.

Afkoma ársins var jákvæð um 590,5 milljónir króna á móti jákvæðri afkomu upp á 1.305 milljónir króna árið 2024. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 23,35%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2025

- Afkoma ársins var jákvæð um 590,5 milljónir króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 23,35% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 1.216 milljónir króna eða 44,4% af vaxtatekjum, samanborið við 1.325 milljónir króna (49,6% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2024.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 664 milljónum króna samanborið við 653 milljónir árið 2024.
- Eignir námu 33.870 milljónum króna í lokárs og hafa hækkað um 3.752 milljónir frá árslokum 2024.
- Útlán námu 27.580 milljónum í lok árs samanborið við 25.061 milljónir í árslok 2024.
- Skuldir námu 27.276 milljónum króna í árslok 2025 og hækkuðu um 3.162 milljónir á árinu.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2025	2024	2023	2022
	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.	Pús. kr.
Yfirlit um afkomu				
Vaxtatekjur.....	2.741.287	2.670.446	2.706.642	2.303.782
Vaxtagjöld.....	1.524.834	1.345.188	1.463.293	1.509.810
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>1.216.453</i>	<i>1.325.258</i>	<i>1.243.349</i>	<i>793.971</i>
Aðrar rekstrartekjur.....	807.020	743.704	656.934	721.552
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>2.023.473</i>	<i>2.068.962</i>	<i>1.900.283</i>	<i>1.515.523</i>
Önnur rekstrargjöld.....	1.432.937	764.277	1.196.783	1.039.401
Afkoma ársins.....	590.536	1.304.685	703.500	476.122

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána lánsloforða og annarra krafna

	327.205	-276.899	164.172	81.443
--	---------	----------	---------	--------

Efnahagsreikningur

Eignir

	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Handbært fé.....	3.636.024	2.636.872	926.930	1.686.337
Markaðsskuldabréf.....	369.202	355.927	340.013	314.432
Aðrar kröfur.....	5.274	4.639	25.296	75.254
Hlutabréf.....	376.726	332.572	285.687	268.913
Eignir í virku söluferli.....	64.231	10	10	60.010
Leigueignir.....	9.277	0	0	0
Hlutdeildarfélag.....	1.075.131	968.970	904.568	907.860
Útlán til viðskiptavina.....	27.580.096	25.060.931	22.071.447	20.072.461
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	753.806	757.442	781.796	806.150
Eignir samtals.....	33.869.767	30.117.363	25.335.747	24.191.417

Skuldir og eigið fé

Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	26.263.415	23.406.323	19.901.162	19.290.410
Óráðstöfuð framlög.....	839.841	563.986	529.287	681.468
Leiguskuldir.....	9.592	0	0	0
Aðrar skuldir.....	163.359	144.030	206.960	224.700
Skuldir samtals.....	27.276.206	24.114.339	20.637.408	20.196.578

Eigið fé

Eiginfjárframlag.....	7.800.000	7.800.000	7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	-1.206.440	-1.796.976	-3.101.661	-3.805.161
Eigið fé samtals.....	6.593.560	6.003.024	4.698.339	3.994.839

Skuldir og eigið fé samtals.....

33.869.767	30.117.363	25.335.747	24.191.417
-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

Sjóðstreymi

	2025	2024	2023	2022
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	-1.672.410	-1.734.762	-913.756	505.204
Fjárfestingarhreyfingar.....	-63.104	-11.338	0	-299.000
Fjármögnunarhreyfingar.....	2.725.121	3.474.050	163.058	329.788
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>989.608</i>	<i>1.727.950</i>	<i>-750.698</i>	<i>535.992</i>
Gengismunur á handbæru fé.....	9.544	-18.008	-8.709	32.717
Handbært fé í ársbyrjun.....	2.636.872	926.930	1.686.337	1.117.627
Handbært fé í lok árs.....	3.636.024	2.636.872	926.930	1.686.337

Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki

23,35%	23,17%	22,64%	19,72%
--------	--------	--------	--------